


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
Innréttingar INR 106 Kennsluáætlun vorannar 2011		

Kennarar	Ketill Sigurðarson & Kristján Davíðsson	Sk.st.	KES & KRD
-----------------	---	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur um smíði innréttinga og innihurða með áherslu á spónlagningu og yfirborðsmeðferð, pússningu, lökkun og vélvinnslu plötuefnis. Lögð er áhersla á grunnatriði spónlagningar, spónskurð, mynstrun og spónlímingu. Farið verður yfir samsetningar á plötuefni, smíðafestingar, smíðatengi og uppsetningar á innréttingum.


Gerð er grein fyrir iðnaðarframleiðslu á innréttingum og innihurðum og mikilvægi þess að staðla vinnuferli, stærðir og lögun framleiðsluvörunnar.

Farið verður í viðarfræði og framleiðslu á viðarspóni.

Áfangamarkmið:

Nemandi

- þekki efni sem notuð eru til smíði innréttinga og innihurða
- þekki verkfæri og tæki sem notuð eru í innréttinga- og innihurðasmíði
- þekki og geti valið sérhæfðar trésmíðavélar til plötuvinnslu og spónlagningar
- geti á grundvelli upplýsinga um einstakar vélar reiknað vinnsluhraða m.m.
- kunni að velja áhöld og rafmagnshandverkfæri til samsetninga og spónskurðar
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað viðkomandi áhalda og véla
- kunni skil á helstu samsetningaraðferðum á innréttingum og innihurðum
- geti valið viðeigandi efnissamsetningar og smíðisfestingar
- geti valið límáburðartæki, þvingur og pressur fyrir kant- og spónlímingu
- hafi þekkingu á mismunandi lími og límhörðunarkerfum fyrir spónlagningu
- þekki mismunandi yfirborðsmeðferð á innréttingum og innihurðum
- þekki helstu aðferðir til að þurrka lakk og málningu á verkstæðum
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við yfirborðsmeðferð
- geti smíðað innréttingar og innihurðir og sett upp
- geti smíðað innréttingar og skápa ásamt sökklum úr plötuefni og límtré
- þekki helstu gerðir skápurða og geti smíðað þær úr mismunandi efnum
- geti smíðað og sett upp skúffur og aðra fylgihluti í innréttingar og skápa
- þekki mismunandi gerðir innihurða og geti smíðað spjaldahurðir
- geti skorið, klippt og límt saman spón með algengustu mynstrum
- geti kantlímt og spónlagt plötuefni með þvingum og í spónlagningarpressu
- geti slípað og yfirborðsmeðhöndlað spónlagða hluti í höndum og vélum
- geti staðsett og tekið úr fyrir lömum og skráum með tækjum og vélum
- vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Innréttingar INR 106 Kennsluáætlun vorannar 2011	

Kennslugögn:

Heftið um **Innréttingar**, Iðnú 2005.

Ljósrit frá kennara um viðarfræði.

Starfsaðferðir:

Kennslubókin lesin og lögð er á það áhersla að nemendur glósi hjá sér punkta sem koma frá kennara. Farið verður í vinnustaðaheimsóknir og vettvangsferðir.

Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur og tengist verklegi hlutinn því námsefni áfangans INK 102. Smíðaðir verða innveggir í Skála (E04) ásamt því að nemendur vinna einstaklings verkefni með mismunandi samsetningum. Einnig verða smíðaðar innréttingar og stigi í sumarhús VMA ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Verkefnin:

Vika	Námsefni (verklegur hluti)
2 – 7	Fataskápar
3 – 10	Stigasmíði
4 – 15	Innveggir
4 – 15	Innréttingasmíði
2 – 17	Einstaklingsverkefni

Námsmat:

Áfanganum lýkur með skriflegu prófi.

Skriflega prófið gildir 20% (Ná verður prófinu svo starfseinkunn gildi).

Starfseinkunn 80%. Símat verður í gangi alla önnina þar sem framfarir, viðvera (líkamleg og andleg) og ástundun verða metnar.

Skrifleg verkefni verða á önninni sem gilda 15% af starfseinkunn.

Með von um gott samstarf á önninni.

KES & KRD

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils